

Skólaráðsfundur 16.04. 2018

Fundargerð.

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir, Erla Björnsdóttir, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir, Ólöf Sívertsen, Sigríður Halldórsdóttir, Þorbjörg Jensdóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Ritari: Erla Björnsdóttir.

1. Fulltrúi nemenda úr 9. bekk kynntur
Kolbrún Jónsdóttir boðin velkomin í skólaráðið. Varamaður fyrir hana er Kári Freyr Kane.
2. Samræmd próf í 9. bekk
Eina prófið sem hægt var að ljúka var stærðfræðiprófið. 8 nemendur náðu að klára ensku og íslensku. Úrskurður hefur komið um það að skólar verði að leyfa nemendum að klára prófin og mun Lágafellsskóli bjóða upp á það dagana 30.apríl – 8.maí. Enskuprófið verður 2.maí og íslenskuprófið 7.maí. Foreldrar geta sent inn undanþágu ef þeir vilja að barnið taki ekki prófið. Á ekki að hafa áhrif á framhaldsskólaumsóknir og inngöngu í framhaldsskóla. Nemendur fá ekki raðeinkunn í íslensku og ensku. 62 nemendur tóku prófið. Niðurstöður núna bornar saman við niðurstöður frá því í fyrra. Færri eru núna með A og B+ en fleiri með B. Færri með C+ og C og engin með D en 7 í fyrra. Nemendur eru hvattir til að taka prófin (íslensku og ensku) til að sjá hvar þau standa.
3. Framkvæmdir Eignasjóðs á árinu
Farið í gegnum kostnað á viðhaldi húsnæðis, bæði á Höfðabergi og Lágafellsskóla. Starfsmenn Eignasjóðs með húsverði og skólastjóra Lágafellsskóla hafa farið yfir stöðuna á húsnæðinu og meta hvað þarf að laga eða betrubæta árið 2018. Sama á við um lóðina. Í Höfðabergi er kostnaður við viðhald húsa um 3 milljónir og viðhald lóðar upp á rúma milljón. Kostnaður við viðhald húsa í Lágafellsskóla upp á 11 milljónir og viðhald lóða upp á tæplega 6 milljónir.
Spurt um ýmsa þætti, m.a. hljóðvist í hátíðarsal sem stendur til að fara yfir og betrubæta ásamt lýsingu. Farið var yfir liði gróflega og sérstaklega talað um mikilvægi þess að byggja upp lóðina á Höfðabergi.
Spurt um framtíð Höfðabergs sem var upphaflega til bráðabrigða og rætt um nemendafjölda og fleira í því samhengi. Ekki vitað um framtíðina en líklega komið til að vera þar sem farið var í að byggja Helgafellsskóla í stað skóla á Blikastaðalandi eins og fyrirhugað var.

4. Starfsmannamál

Nokkrir starfsmenn hafa sótt um launalaust leyfi og búið er að auglýsa hluta þeirra starfa. Fáir með kennararéttindi sækja um, 11 umsóknir hafa borist og af þeim eru tveir með leyfisbréf. En einhverjir eru í meistaranáminu og eru við það að ljúka námi og fá leyfisbréf. Aðeins óljóst ennþá hversu margar stöður verða lausar í haust en lítur út fyrir að það verði allavega þrjár kennarastöður sem þarf að ráða í.

5. Áætlanir um nemendafjölda næsta haust

Þau börn sem eru skráð í leikskóladeild í dag eru 39 en pláss er fyrir 54 börn, þ.e. laust fyrir 15 börn. Minnsti innritaði árgangur frá upphafi einnig í 1.bekk en þar eru 56 nemendur skráðir eins og staðan er í dag. Að þessu sinni verður ekki sendur út bekkjarlista í júní eins og hefur stundum verið gert þar sem búast má við að nemendum fjölgi í sumar.

6. Upplýsingar frá nemendafulltrúum

Sagt frá Grease sýningu leikfélagsins sem var sýnd helgina 13.-15. apríl, mjög flott. Rúmlega tveggja klukkutíma sýning og almenn ánægja með hana.

7. Önnur mál

Ólöf og Þorbjörg í foreldrafélagi skólans minna á að aðalfundur foreldrafélagsins er 24. apríl og verður hann í Kletti, nýja veitingahúsi Golfklúbbsins. Foreldrafélagið ætlar að taka upp á nýrri hefð og heiðra starfsmann í skólanum sem hefur þjónustað nemendur vel. Núna mun stjórn foreldrafélagsins velja starfsmann en í framhaldi verða foreldrar hvattir til að tilnefna starfsmann. Markmiðið með þessu er m.a. að auka jákvæða umræðu um skólann og það starf sem hér fer fram. Í ár hefur stjórnin ákveðið að heiðra Ágústu Rósu Andrésdóttur forstöðumann í frístund. Stjórn foreldrafélagsins leggja mikið upp úr því að hvetja foreldra til að taka aukinn þátt í foreldrafélaginu því þetta er skemmtilegt starf og mikil áhersla er lögð á að vinna og vera í góðri samvinnu við skólann. Óskað er eftir því að kennarar hvetji foreldra til að mæta á aðalfundinn og taka aukinn þátt í starfi foreldrafélagsins.

Umræða um að stofna Facebook síðu fyrir skólann til að deila öllu því jákvæða sem er um að vera í skólastarfinu og vera sýnilegri út á við.

Fyrir liggur að merkja skólann og kemur merkið vonandi fyrir sveitastjórnarkosningar í vor.